

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 19. apríl var fjórði fundur ársins 2022 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri. Auk ofangreindra komu á fundinn Halldór Arason endurskoðandi KGRP og Margrét Guðjónsdóttir aðalbókari KGRP. Varaformaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. Lagður var fram til samþykktar reikningur KGRP 2021. Halldór Araosn, endurskoðandi, og Margrét Guðjónsdóttir, aðalbókari KGRP, komu á fundinn.
3. Aðalfundur KGRP og ÚK ehf 9. maí nk.
4. Önnur mál.

1. Fundargerð frá 22. mars sl. var lögð fram og var hún samþykkt og undirrituð.
2. Lagður var fram endurskoðaður ársreikningur KGRP fyrir árið 2021. Halldór Arason fór yfir endurskoðunarskýrslu 2021 og reikninginn og skýrði helstu liði. Margrét og Þórsteinn svöruðu spurningum stjórnarmanna um einstaka tekju- og gjaldaliði.

	Skýr.	2021	2020
Lögbundnar tekjur		638.941.232	604.717.929
Aðrar rekstrartekjur		100.028.711	60.134.252
Laun og launatengd gjöld	4	(496.319.045)	(413.296.503)
Rekstur og viðhald fasteigna		(84.443.900)	(72.539.289)
Rekstur og viðhald garða		(58.535.288)	(58.137.921)
Þjónusta presta		0	(25.253.840)
Annar rekstrarkostnaður		(35.187.226)	(34.367.476)
Afskriftir fastafjármuna	6	(53.931.846)	(51.002.604)
Rekstrarhagnaður		<u>10.552.638</u>	<u>10.254.548</u>
Fjármunatekjur		40.003.606	33.616.242
Fjármagnsgjöld		<u>(12.956.885)</u>	<u>(13.214.967)</u>
	5	27.046.721	20.401.275
Hlutdeild í afkomu dótturfélags	7	<u>13.925.451</u>	<u>(16.139.090)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>51.524.810</u></u>	<u><u>14.516.733</u></u>

Tekjur voru 738,9 m.kr. og gjöld 728,4 m.kr. Rekstrarafgangur var 10,5 m.kr. Tekjuafgangur af reglulegri starfsemi nam 51,5 m.kr. að teknu tilliti til hlutdeildar í afkomu dótturfélags, fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Stjórnarmenn og forstjóri samþykktu síðan reikninginn með undirskrift sinni.

3. Ræddum framkvæmd aðalfundar þann 9. maí nk.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.